| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | |
|---|---|---|
| Útgáfa: 06 | | |
| Dags.: 29.05.2009 | | |
| Höfundur: GLÁ | Saga (SAG103)<br>Kennsluáætlun (vorönn 2010) | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 1 af 3 | | |

| Kennari | *Katrín Harðardóttir, Þröstur Ásmundsson* | Sk.st. | *KAH, ÞRÁ* |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Saga fram um 1800. Í þessum byrjunaráfanga er sögunni fylgt í tímaröð frá ármiðöldum og um það bil fram til 1800. Hér er þó ekki um að ræða samfellda yfirferð heldur eru ýmis efni valin úr sögu Íslands og Evrópu. Efnisflokkarnir og markmiðin innan þeirra mynda tilteknar heildir (þemu), t.d. menningarheimur miðalda, ný heimsmynd á tímum endurreisnar, vísindabyltingar, landafunda og siðaskipta um aldamótin 1500, líf í sveit og borg, efling ríkisvalds eftir 1500. Innréttingar og móðurharðindi og franska byltingin. Einnig er lögð áhersla á að þjálfa nemendur í heimildarýni af ýmsu tagi.

**Áfangamarkmið:**
Að nemandi:
- geti borið saman kristni og íslam, hvað er sameiginlegt og hvað er ólíkt
- geri sér grein fyrir hvernig íslenskt samfélag var líkt eða ólíkt miðaldarsamfélögum í Evrópu
- geri sér grein fyrir hvað felst í hugtakinu endurreisn
- þekki þau áhrif sem landafundir Evrópumanna höfðu á heimsmyndina
- þekki uppruna siðaskiptahugmynda í Evrópu og þekki til siðskipta á Íslandi
- geti skilgreint helstu hugmyndir vísindabyltingarinnar
- átti sig á af hverju þéttbýli myndast svo seint á Íslandi
- þekki til fjölskyldulífs, dægrardvalar og lista Íslendinga á tímabilinu
- geri sér grein fyrir áhrifum upplýsingarinnar og sérstaklega hvernig þau birtust á Íslandi
- geri sér grein fyrir hvernig minjar og heimildir eru aðgangur okkar að fortíðinni
- þjálfist í viðurkenndum vinnubrögðum við lestur og úrvinnslu heimilda
- öðlist leikni við að leita sér upplýsinga með margvíslegum hætti

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|---|---|---|
| 1-2 | **Inngangur, Ármiðaldir í Evrópu, Lénskerfið** | |
| 3 | **Íslam og múslimar, Víkingaöld og fundur Íslands, Landnám** | |
| 4 | **Heiðinn siður, Stjórnskipun Íslendinga, Til Grænlands og Vínlands** | |
| 5 | **Kristur kemur til Íslands,**<br><br>**Hámiðaldir: Konungsríki og krossferðir,** Borgir, verslun og lærdómur | Skilaverkefni |

| | | |
|---|---|---|
| 6 | **Land og lífsbjörg á Íslandi, Mannamunur, Hugmyndaheimur Íslendinga, Sagnaritun** | |
| 7 | **Sturlungaöld, Lok íslenska þjóðveldisins, Síðmiðaldir: Kreppa og plága** | |
| 8 | Ísland í ríki Noregskonungs, Sigur kirkjunnar. | Miðannarpróf |
| 9 | Íslenskt samfélag á síðmiðöldum. Hrun Noregsveldis og ensk öld á Íslandi. | |
| 10 | **Siðaskiptin í Evrópu, Siðaskipti á Íslandi; Skálholtsstifti og Hólastifti. Lútherskur rétttrúnaður.** | |
| 11 | **Endurreisn í Evrópu, Húmanismi, Landafundir Evrópumanna.** | Skil á heimildaritgerð |
| 12 | Vísindabylting. Lífshlaup Evrópufólks, Borgarlíf. | |
| 13 | Páskafrí. | |
| 14 | Dreifbýlissamfélagið á Íslandi. Íbúar Íslands um 1700, Íslenskur búskapur, Aðbúnaður. | |
| 15 | List í Evrópu og dægradvöl Íslendinga. Framhaldsskólalíf á 18. öld. Tyrkjarán á Íslandi, **Einokunarverslun og einveldi.** | Minjasafnsferð |
| 16 | **Innréttingarnar á Íslandi.** | |
| 17 | **Mestu náttúruhamfarir Íslandssögunnar, Franska byltingin.** | |

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

| **Tegund** | **Námsgögn** |
|---|---|
| Bækur | Gunnar Karlsson o.fl.: Fornir tímar, 2003. Mál og menning, Reykjavík<br>Ingibjörg Axelsdóttir, Þórunn Blöndal: Handbók um ritun og frágang, 2002. 7. útg. |
| Mynd-bönd | Nokkur myndbönd um efni tímabilsins verða sýnd |

| **Lýsing** | **Vægi** |
|---|---|
| ***Lokapróf.*** Nemendur þurfa að ná 5 á lokaprófi til að vetrarvinna komi til einkunnar. Einnig þurfa | 60% |

| | |
|---|---|
| nemendur að skila öllum skilaverkefnum annarinnar sem lögð verða fyrir til að öðlast prófrétt. | |
| Heimildaverkefni | 15% |
| Miðannarpróf | 20% |
| Vinnueinkunn þ.m.t. mæting, ástundun og smáverkefni | 5% |

**Áfangalýsing:**

**Markmið:**

**Námsgögn:**

**Áætlun um yfirferð:**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**